

Þriðjudaginn 20. desember 1994.

Nr. 344/1992.

Víkurverk hf.

(Björgvin Þorsteinsson hrl.)

gegn

Póst- og símamálastofnuninni

(Andri Árnason hrl.)

Skriflega flutt mál. Skuldamál. Verksamningur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Markús Sigurbjörnsson og Ingibjörg Benediksdóttir, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. ágúst 1992. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 221.141 krónu með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 10. ágúst 1988 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Samkvæmt 24. gr. laga nr. 38/1994 um breyting á lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála var mál þetta skriflega flutt hér fyrir dómi. Skrifleg vörn barst frá stefnda, en sókn hefur ekki borist frá áfrýjanda.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Víkurverk hf., greiði stefnda, Póst- og símamálastofnuninni, 70.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 29. maí 1992.

Mál þetta, sem dómtekið var 22. maí sl., er höfðað með áskorunarstefnu, birtri 27. apríl 1990.

Stefnandi er Víkurverk hf., kt. 631173-0559, Vagnhöfða 19, Reykjavík.

Stefndi er Póst- og símamálastofnunin, kt. 490784-2179, Landssímahúsinu við Austurvöll.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 221.141 krónu auk vanskilavaxta skv. 10. gr. vaxtalaga, sbr. 12. gr. s. l., frá 10. ágúst 1988 til greiðsludags og málskostnað [...].

Stefnandi gerir þannig grein fyrir málinu í aðalatriðum: Dagana 21. og 22. júní 1988 var traktorsgrafa af Case-gerð, sem stefnandi átti, fengin til þess að aðstoða vinnuflokk frá símanum við að taka niður símastaura, sem lína hafði legið um úti í Viðey. Heldur stefnandi því fram, að verk þetta hafi hafist kl. 9 að morgni 21. júní, en af stefnda hálfu er því haldið fram, að verkið hafi hafist um kl. 13.00. Stefnandi kveður það hafa verið um kl. 14.00, að grafan festist í fjöru, þar sem heitir Kríusandur, á suðaustanverðri eyinni, og hafi svo farið, að stjórnandi hennar hafi ekki getað losað hana án þess að fá aðstoð við það. Leitaði hann til félaga sinna, sem komu til hjálpar með Bröyt-gröfu og vörubíl og hjálpuðu við að losa gröfuna.

Kröfur stefnanda sundurliðast þannig:

— — —

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að grafan hafi verið við vinnu hjá stefnda, er hún festist. Ekki sé við stefnanda að sakast um það, að óhappið varð, og kostnað af því að losa tækið eigi stefndi að bera, þar sem vinnu í hans þágu hafi ekki verið lokið. Stefnandi heldur því fram, að um tilvik þetta gildi svohljóðandi ákvæði 4. greinar Almennra skilmála Félags vinnuvélaeigenda: „Þegar vinnuvél festist á vinnustað, greiðir leigutaki fulla leigu fyrir hana, meðan á losun hennar stendur, svo og annan kostnað við losunina, nema um augljóst gáleysi eða vanrækslu sé að ræða.“

Vélin hafi verið á leið frá vinnu í þágu stefnda, og samkvæmt b-lið skilmála frá því í júlí 1988, 7. málslíð, greiði verkkaupi flutningskostnað frá vinnustað vegna þessa, þar sem ekki verði þess krafist, að sá aðili, sem verið var að vinna fyrir, er starfsmaður stefnanda fór til að vinna fyrir símann, greiði kostnað vegna til og frá vegna annars verks, sem unnið var í þágu annars.

Í þinghaldi 17. mars 1992 greiddi stefndi stefnanda 9.063 krónur, sem sundurliðast þannig: Fyrir vélgröfu 4 stundir á 1.275 krónur hver stund og fyrir vélarmann 4 stundir á 537,60 fyrir hverja stund, 25% söluskatt, sem samtals gerði 9.063 krónur.

Telur stefndi, að með þessari greiðslu hafi hann gert upp við stefnanda, en stefnda hafi aldrei borist krafa frá stefnanda fyrir verkið, sem óumdeilt er, að unnið var í þágu stefnda. Heldur stefndi því fram, að það hafi verið

um kl. 14.00 21. júní 1988, sem verkið hófst, og að því hafi lokið um kl. 17.00, og styðjist í þessu efni við frásögn vitnisins Árna Frímannssonar, sem var verkstjóri umrætt sinn, en hann kvaðst hafa farið út í Viðey með vinnuflokk sinn, og verk hafi hafist um kl. 14.00 og verið lokið um kl. 17.00. Kveðst stefndi greiða fyrir vélina, frá því að hún var tekin úr því verki, er verið var að vinna á eyinni austanverðri á vegum Reykjavíkurborgar, og þar til verki í þágu stefnda lauk um kl. 17.00.

Stefndi krefst þess aðallega, að hann verði sýknaður af öllum frekari kröfum stefnanda.

Meginmálsástæða stefnda er, að með fyrrgreindri greiðslu til stefnanda hafi hann gert upp við stefnanda fyrir afnot vélarinnar umrætt sinn. Það, að vélin hafi fest, sé algerlega á áhættu og ábyrgð stefnanda, enda hafi verki í þágu hans verið lokið, er grafan festist, og stefnandi verði að eiga um það við einhverja aðra en stefnda, hvernig á því stóð, að vélinni var ekið um fjöruna, en aðrar leiðir hafi verið færar til baka á þann stað, sem vélin hafði verið notuð á, áður en tekið var til við að taka niður staurana.

Forsendur og niðurstaða.

Óumdeilt er, að Almennir skilmálar Félags vinnuvélaeigenda eiga við um tilvik það, sem hér er til úrlausnar.

Samkvæmt ákvæði því, sem stefnandi ber fyrir sig, skal leigutaki greiða fulla leigu fyrir vél, ef hún festist á vinnustað.

Í þessu tilviki var starfsmaður stefnanda á leið af vinnustað með vélina, og starfsmenn stefnda höfðu yfirgefið vinnusvæðið, og verki var lokið. Verður við það að miða, að starfsmaður sá, er ók gröfunni, hafi sjálfur ákveðið, hvaða leið hann fór til baka, og þykir áhættan af því, að óhapp yrði á leiðinni af vinnustað, hvíla á stefnanda sjálfum, með því að stefndi hafi ekkert um það að segja, hvaða leið var farin, og ekki verður fallist á það með stefnanda, að ákvæði skilmála verði skilin á þann veg, að verði tafir á ferð tækis að loknu verki, beri verkkaupa skilmálalaust að greiða kostnað, sem stafa kann af því.

Verður það því niðurstaða málsins, að sýkna beri stefnda af öllum kröfum stefnanda, með því að telja verður, að stefndi hafi greitt stefnanda það, sem honum bar vegna verksins, með fyrrgreindri greiðslu 17. mars sl. Ber í því sambandi að líta til þess, að stefnanda hefur ekki tekist sönnun um, að verk hafi hafist fyrr en kl. 14.00, og enn fremur er byggt á því, að því hafi verið lokið um kl. 17.00.

Eftir úrslitum málsins verður stefnandi dæmdur til að greiða stefnda 100.000 krónur í málskostnað.

Allan Vagn Magnússon borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Póst- og símamálastofnunin, skal sýkn af öllum kröfum stefnanda, Víkurverks hf.

Stefnandi greiði stefnda 100.000 krónur í málskostnað, sem beri dráttarvexti skv. III. kafla vaxtalaga, frá því að 15 dagar eru liðnir frá dómsuppsögu til greiðsludags.
